

merkingu orðsins og það hugtak sem í því felst og finnst í hugsana stefnu flestra síðaðra þjóða, — þótt ekki eigi þær sumar heppilegra orð yfir það, — er eg vildi tala, en ekki um orðið sjálft.

Hugsanin sem í orðinu felst er sú, að eitthvað sé sett til fyrirmyndar og fyrirsagnar er maðurinn á að líkjast og haga sér eftir, og þegar margir geta gjört það myndast heild, þar sem allir einstaklingar, ásamt öllum hópnnum til samans, hafa öll sömu einkenni til að bera.

En komi það svo fyrir að einn úr hópnnum fari og signi sig öðruvísi en hinir, og hugsi um leið aðrar hugsanir, eða hann stýli bæn sína til guddómsins öðruvísi en hinir, eða felli niður föstu, eða hugur hans leiði hann ósjálfrátt til annara en þeirra viðteknu ályktana um uppruna heimsins, tilgang lífsins, þýðingu dauðans, eðli sálarinnar, þá er hann orðinn „Nonconformist“, ósamráður öllum hinum, er einn og allir eru eitt og eins.

Orðin, „Conformity“ og „Nonconformity“, eru í sérstökum skilningi kyrkjumál, en hugmyndirnar er í þeim felast eru ekki fremur kyrkjunnar en ríkisins í heild. Þau taka yfir baráttu þá sem vöxtur mannfélagsins, útávið og uppávið, hefir orsakað, baráttuna milli einstaklingsins og heildarinnar, þar sem heildin reynir að samlaga alla einni viðtekinni hegðan, skoðun, ímynd, en einstaklingurinn ósjálfrátt, vegna sinna eigin sálar tilfinninga, brýtur bága við heildarlögmálið í óteljandi greinum, þó oftast komi það fram í öllum sökum aðlútandi trú. Þess vegna eru hugtök þessi notuð tíðar í trúarlegum skilningi en öðrum, en alstaðar eiga þau heima og geta heimfærst hvar sem eins er ástatt.

Hugur manna, frá allra fyrstu tímum, hefir jafnan verið að leitast við að sameina allar sínar hugmyndir viðvíkjandi tilverunni, í eina sameiginlega heild. Út frá þeirri meðfæddu tilhneigingu mannsandans hafa myndast lagabálkar, síðir, trúfræðiskerfi. Og þegar þau hafa verið komin saman í fasta heild, hafa þjóðfélögin lagt þau til grundvallar fyrir lífi sínu, samið sig eftir þeim og gjört þau að bindandi boði fyrir sig og